

Skrá 39. Leikir barna

Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins.

39. Spurningaskrá.

Inngangur.

Spurningaskrá um barnaleiki og aðra afþreyingu barna í liðinni tíð er gerð í áframhaldi af spurningaskrá um leikföng, sem send var út árið 1973. Í henni var einkum spurt um leikföng, heimaferðir og innflutt, og meðferð þeirra í leikjum barna. Hér er sviðið fært út til mikilla muna og spurt m.a. um leiki, sem meir eiga við aukinn þroska barna, leiki, sem ekki voru að neinu marki háðir leikföngum, og leitað eftir lýsingum á þeim. Spurningaskráin "Kvöldvakan og hlutdeild heimilisins í íslensku þjóðaruppeldi" (7. skrá) hreyfði nokkuð við því efni, sem hér er tekið til meðferðar, en mikil þörf er á að taka það upp í sjálfstæðri spurningaskrá til nýrra og aukinna fanga í efnisöflun.

Um leiki og skemmtun barna eru tiltækar býsna miklar heimildir eigi síst í riti Ólafs Davíðssonar: „Íslenskar skemmtanir“, en margt er þó óljóst um útbreiðslu einstakra leikja miðað við landið í heild. Svör við þessari spurningaskrá ættu að auðvelda nokkuð rannsókn á því sviði. Ýmsir leikir munu hafa verið nokkuð staðbundnir, aðrir kunnugir flestum íslenskum börnum og þó ekki hvarvetna leiknir með sama hætti. Miðað við ýmsar fyrri spurningaskrár, er hér ekki mikið um beinar og kerfisbundnar spurningar að ræða, meir er því sætt að fá heimildarmenn til að skrifa um efnið frá eigin brjósti án fyrirfram gefinna minnisþunkta og íhlutunar spurningaskrár. Það væri efni í margar og stórar spurningaskrár ef vinna skyldi alla barnaleiki í kerfi spurninga.

Árið 1979 er helgað börnum og nefnt barnaár. Hlutdeild þjóðháttaskráningarinnar í barnaári er að stuðla að því að menn rifji upp æsku sína og minningar um barnaleiki, sem margir áttu þátt í að auðga daglegt líf og þroska æskuna til að takast á við fullroðinsárin.

Hugtök varðandi leik og leiki.

Sögnin að leika sér mun almennt notuð um það, er börn hafa ofan af fyrir sér með öðru en nytsömu starfi. Nafnorðið leikur viðrist geta haft tvíþætta merkingu. Börn sjást að leik, sem fer eftir ákveðinni reglu og einhver spyr: Hvaða leikur er þetta? Til er einnig að tveir strákar fljúgast á í góðu og einhver segir: Þetta er bara leikur. Hvernig hafa menn vanist þessum hugtökum hvað varðar merkingu og e.t.v. merkingarmun? Lýsið því. Hvaða orð voru notuð um leiki, sem ekki voru háðir neinni reglu en áttu þátt í að herða og stæla æskuna (ærast, ólmast, fljúgast á, áflog o.s.frv.)?

Leikir og skemmtun.

Í svörum við þessari spurningaskrá eru menn beðnir að gera sem fyllsta grein fyrir leikjum og skemmtun barna. Þar sem börn búa sig undir það með leikföngum að verða fullorðið fólk hefur að vísu verið fjallað í svörum við spurningaskrá um leikföng (gullabú, brúðuleikir, bátaleikir). Undan hafur þó fallið þar að spyrja um þau leikbú telpna, þar sem unnið var að matreiðslu (drullubú). Um þau væri vel þeginn fróðleikur og þá m.a. um ákveðnar breytingar í leik út frá breyttum heimilisháttum. Auk þess fá margir þessa skrá, sem ekki hafa svarað hinni fyrri. Voru vissir leikir einkum taldir við hæfi drengja og aðrir við hæfi stúlkna (sbr. að vera eins og strákur)?

Gerid sérstaklega grein fyrir því, hvernig leikir barna breyttust smátt og smátt frá því, er faðir og móðir leika við barn (sbr. að stíga við stökkinn) og til þess, er barnið nálgast unglingsár.

Leikir og skemmtun, sem menn eru beðnir að gera grein fyrir:

- a) Leikir, sem byggjast á ákveðnum reglum og eiga ákveðin nöfn.
- b) Leikir, sem tengjast líkamlegum íþróttum eða teljast íþróttir.

- c) Orðaleikir eða þrautir, sem byggjast á andlegri íþrótt gerðri til þess að þjálf hug, tungu og öndun.
- d) Aðrir orðaleikir með ákveðnum formálum, sumir að upphafi tengdir töfrum.
- e) Gátur, þulur og vísnakeppni (skanderingar, að kveðast á).
- f) Töfl og spil.

Útileikir.

Gerið grein fyrir því hversu leikir voru háðir ákveðnum árstíðum og mismunandi önnum heimila. Lýsið því hversu börn söfnuðust saman frá nærliggjandi bæjum og byggðahverfum til leikja.

Voru leikir bundnir við ákveðnar stundir dagsins? Greinið frá leikjum skólabarna í frímínútum. Gerið sérstaklega grein fyrir því ef kennarar höfðu áhrif í þá átt að kenna börnum ákveðna leiki og höfðu hönd í bagga með leikjum barna.

Lýsið útileikjum barna svo sem tók eru á. Greinið frá leikreglum og nöfnum leikja. Hér er stefnt á leiki eins og skessuleik, kallsleik, útilegumannaleik, fuglaleik, brúarleik, að hlaupa í skarðið, höfrungahlaup, slagbolta, París o.s.frv. Oft er erfitt að setja takmörk á milli leikja og íþróttar. Því er hér einnig beðið um að gera grein fyrir því hvenær leikir barna seilast í átt til íþróttar (t.d. hlaup, handahlaup, stökk, glímur o.s.frv.).

Mínna má hér einnig á leiki með flugdreka, gjarði, skotboga o.s.frv.

Hafa verulegar breytingar orðið á útileikjum barna t.d. frá síðustu aldamótum, gamlir leikir lagst niður og aðrir komið til sögunnar? Hafa breyttir búskaparhættir t.d. og breyttur aldarandi átt þátt í að breyta barnaleikjum?

Innileikir.

Segið frá innileikjum barna (feluleikur, blilndingsleikur, hnapphelda eða reiptog, húsgangaleikur, eða beiningaleikur, t.d.).

Lýsið því ef skólar áttu þátt í að leiða inn nýja leiki, t.d. söngleiki og dansleika.

Leikir, sem tengjast íþróttum.

Lýsið leikjum, sem byggja á leikfimi eða íþrótt (t.d. að flá kött, fara í gegnum sjálfan sig, rífa ræfil úr svelli, stökkva yfir sauðarlegg, reisa horgemling, sækja smjör í strokk o.s.frv.).

Orðaleikir eða þrautir.

Undir þetta falla þrautir eins og t.d. að segja í striklotu án öndunar svo og svo lengi: "Ein bóla á tungu minni, engin á morgun", "einn bauga bauga og hringinn minn rauða" o.fl., eða hröð striklota í famsögn á "Stebbi stóð á ströndu, var að troða strý" o.s.frv. Mínna má á framsögn á "Brotin, brotin blýkringla" eða "Hans í koti", svo að dæmi séu nefnd.

Aðrir orðaleikir.

Undir þetta falla atriði eins og að geta hve margar árar eru á borð, að gefa skip, að horfast í augu, að geta króks og kings, að leggja í lófa karls, gettu margs í mínum lófa, fagur fiskur í sjó, Völuspá, Nípuleikur. Menn eru beðnir að lýsa þessum og öðrum orðaleikjum og greina frá formálum, sem þeir byggjast á. Skyld þessu er t.d.: "Könguló, könguló, vísaðu mér á berjamó", "Brekksnigill, boggi", Upp ef þú vilt mér gott, niður ef vill mér illt" o.s.frv. Allur fróðleikur á þessu sviði er vel þeginn. Hér var fjölbreytni furðu mikil og formálar nokkuð breytilegir miðað við hina ýmsu landshluta. Skrifðið fyrir alla muni öll þau brot úr formálum, sem ykkur rámar í, en ekki einungis upphafið.

Gátur, þulur, skanderingar.

Var alengt að börn væru vanin við að læra gátur og geta gátur? Skrifðið gátur ef tók eru á.

Voru börnum kenndar þulur og langlokur. Gat flutningur farið fram með þeim hætti að efni þulunnar væri einnig rakið aftur á bak í hraðri framsögn. Skrifðu þulur ef þær eru handbærar. Var algengt að börn og fullorðin fólk hefði það að skemmtun að kveðast á skanderast)? Lýsið því.

Töfl og spil.

Segið frá skemmtun barna við töfl eða spil. Hvaða töfl voru um hönd höfð (refskák, milla, manntafl eða önnur)? Segið frá taflborðum í refskák og millu. Með hverju var leikið? Hvaða spil voru einkum iðkuð (alkort, púkk, marías t.d. eða önnur)? Var ákveðið orðafar tengt töflum eða spilum, sem nú er að mestu niðurfellt í mæltu máli? Best væri, ef þið gætuð einnig lýst spilareglum, því þær munu ekki allstaðar hafa verið eins.